

# Aðalfundur foreldrafélags Núps - Fundargerð

**Fundur nr.:** Aðalfundur

**Staður:** Leikskólinn Núpur

**Dagsetning:** 3.október 2018

**Tími:** 20:30

**Fundaritari:** Björg

**Mættir:** Halldóra, Björg, Kristín Fanney, Svana og Ása ásamt 7 öðrum foreldrum

**Dagskrá aðalfundar:** skýrsla stjórnar, reikningar félagsins, lagabreytingar, kosning nýrrar stjórnar, kosning skoðunamanna reikninga, ákvörðun um ársgjald, annað – umræður foreldra, kynning á foreldraráði og kosning í foreldraráð.

Byrjað var að fara yfir dagskrá fundar og fyrri stjórn kynnt

Farið var yfir helstu viðburði síðasta árs og helstu verkefni stjórnar. Fáir viðburðir voru fyrir áramót vegna þess að það er ekki hægt að áætla hversu miklum fjármunum félagið geti eytt því ekki eru allir búnir að borga á þeim tíma. Eftir áramót voru fleiri viðburðir á vegum félagsins og dansinn kostnaðarmestur. Allir voru á því að halda honum áfram og almenn ánægja með þann viðburð.

Rædd voru nýju persónuverndarlögin varðandi myndatökur af börnunum og birtingar þeirra á Facebook. Þessi lög leyfa ekki myndbirtingar af andlitum barna og því ekki hægt að auðkenna þau. Deildir halda samt áfram að birta myndir af börnum (án andlits) að leik svo foreldrar sjái hvað þau eru að gera í skólanum. Svana sagði frá mögulegum lausnum og foreldrar komu einnig með hugmyndir af lausnum en allt er þetta í vinnslu.

Kristín fór yfir rekstrarreikning frá síðasta skólaári. Ekkert sem kom á óvart þar. Eins og áður kom fram kostaði dansinn mest eða um 200.000 kr.

Tillögur að lagabreytingum. Stjórnin kom með 2 tillögur að lagabreytingum. Um er að ræða tillögu að breytingu á 4. grein en þar segir að kosnir verði 2 skoðunarmenn reikninga þegar mynda á nýja stjórn. Þar sem reikningar eru ekki fleiri en sirka 10 þá fannst stjórn nóg að hafa 1 skoðunarmann reikninga og lagði því til að þessu yrði breytt í kosning skoðunarmanna reikninga sem eigi þá við 1 eða fleiri. Tillaga var samþykkt einróma. Eins kom fram ný tillaga er snéri að breytingum á 5.grein laga. Þar segir að í stjórn félagsins eigi að kjósa 7 fulltrúa, að lágmarki einn frá hverri deild. Breytingatillagan segir til um að í stjórn félagsins skuli kjósa 5-8 fulltrúa, að lágmarki einn frá hverri deild. Undantekning megi gera ef enginn fulltrúi næst af ákveðinni deild, en þá megi kjósa fulltrúa af annarri deild í staðinn. Í sömu grein segir að stjórnin skipti sjálf með sér verkum að loknum aðalfundi og velur í embætti: formann, varaformanns, ritara, gjaldkera, ritstjóra (fréttabréfs/vefsíðu) og tveggja meðstjórnenda. Stjórnin lagði til eftirfarandi breytingar á embættum: formanns, ritara, gjaldkera, 2-5 meðstjórnenda. Embættin varaformaður og ritstjórar detta því út. Tillaga að breytingum á 5.grein voru samþykkt einróma. Rædd voru engu að síður sá möguleiki á að hafa staðgengil formanns ef hann er fjarverandi, búin yrði til klausa þar sem segir skýrt og greinlega hvaða embætti myndi ganga í starf formanns ef kæmi fyrir að hann yrði fjarverandi. Samþykkt var að ræða þetta aftur á næsta ári og koma þá með nýjar tillögur fyrir næsta aðalfund.

Kosning nýrrar stjórnar. Kosið var í nýja stjórn sem skipa 5 meðlimi. Endurkjörin formaður Halldóra og endurkjörinn gjaldkeri Kristín. Nýjir stjórnarmeðlimir eru Inga (Engilráð) frá Höfða, Ester Ósk Gunnarsdóttir

frá Lundi og Auður Böðvarsdóttir frá Þúfu. Halldóra var einnig kosinn skoðunarmaður reikninga og Ása á Hvammi er fulltrúi kennara. Fráfarandi stjórnarmeðlimir eru Björg Rún, Brynja og Þórða.

Sagt var frá því að árgjaldið hafi verið hækkað síðasta vetur úr isk 5500 í 5900 kr og allir sammála um að halda því verði áfram þennan veturinn. Kristín sendir út greiðsluseðla sem miðast við hvert heimili en ekki barn.

Í lokin voru önnur mál og umræður. Rætt var fyrirkomulag á greiðslu fyrir sveitaferð. Foreldrafélagi tók á sig að rukka alla foreldra og millifæra síðan á Miðdal og skapaði þetta óþarfa vesen og aukna vinnu fyrir félagið. Gott að hafa þetta í huga þegar velja á sveitabæ til að heimsækja í sveitaferð. Eins komu fram aðrar skemmtilegar hugmyndir að vorferð, þarf ekki endilega að heimsækja sveitabæ. Hægt væri að fara til dæmis í fjöruferð eða grilla og þess háttar í Heiðmörk eða í Guðmundarlundi. Aðrar hugmyndir að viðburðum komu fram, eins og fyrirlestrar fyrir foreldra um hvernig sé hægt að koma í veg fyrir tannréttingar með réttu mataræði og fyrirlestur um samskipti, kvíða og líkamsvirðingu barna. Umræður sköpuðust um ljósmyndara sem kom í skólann og tók myndir af krökkunum sem foreldra gátu síðan keypt. Flestir ánægðir með þetta fyrirkomulag og mögulega verður þetta gert aftur þennan veturinn. Svana tók fram að hér áður fyrr var þetta gert annað hvert ár. Eins var möguleikinn á því að leigja fimleikasal ræddur en engar ákvarðanir hafa verið teknar í þeim málum.

Svana kynnir foreldraráð. Segir frá helstu málefnum og atriðum er varða leikskólann eins og starfsmannamál, starfsumhverfi (hljóðeinangrun) og útisvæði skólans. Fyrir voru 3 aðilar í foreldraráði, Árdís, Björg og Kristín en 1 aðila var bætt við og kom það í hlut Auðar Böðvarsdóttur að fylla það pláss. Fyrsti fundur foreldraráðs settur á dagskrá miðvikudaginn 10.október kl. 15:30.

Fundi lokið.